



Upplýsingar til fjölmiðla
frá
skrifstofu forseta Íslands

SAGA HANDKNATTLEIKSINS Á ÍSLANDI ATHÖFN Á BESSASTÖÐUM

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson tekur í dag, þriðjudaginn 12. júní, við fyrsta eintaki af tveggja binda *Sögu handknattleiksins á Íslandi í 90 ár* við hátíðlega athöfn á Bessastöðum. Viðstaddir athöfnina, sem hefst kl. 16:00, verða fjölmargir einstaklingar sem sett hafa svip sinn á íslenskan handknattleik á undanförunum árum.

Ritstjóri verksins er Steinar J. Lúðvíksson rithöfundur og fyrrverandi varaformaður HSÍ en vinnsluferlið spannar undanfarin sex ár. Að baki útgáfunni stendur formannafélag Handknattleikssambands Íslands en félagar í því eru allir fyrrverandi formenn HSÍ ásamt núverandi formanni. Bækurnar eru tæplega 900 síður, prýddar fjölda mynda og segja sögu íþróttarinnar frá upphafi árið 1920 fram til ársins 2010; Hólar bókaútgáfa annaðist útgáfuna.

Handknattleikssamband Íslands var stofnað 11. júní 1957 og fagnar sambandið því 55 ára afmæli sínu um þessar mundir.

Fulltrúum fjölmiðla er boðið að vera viðstaddir þessi tímamót í sögu handknattleiksins á Íslandi.

12. júní 2012

Nánari upplýsingar veita skrifstofa forseta Íslands (540 4400), Örnólfur Thorsson forsetaritari (896 3028) og Árni Sigurjónsson skrifstofustjóri (820 4946).